

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Ársskýrsla VMA 2019

Apríl 2020

Inngangur

Ársskýrsla þessi er unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) og er jafnframt yfirlit yfir hlutverk, markmið og það helsta sem unnið hefur verið að í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) á árinu 2019. Greint verður frá því hvernig skólinn hefur unnið að þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér en einnig er gerð grein fyrir hlutverki skólans og ýmsum tölulegum upplýsingum er varða skólann og það starf sem þar var unnið á árinu. Skýrsla þessi er lögð fram í apríl 2020. Skýrslan er unnin af stjórnendum skólans og er birt á vef hans. Myndir í þessari skýrslu eru fengnar af heimasíðu skólans.

Hlutverk og skipulag skólans

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk VMA að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi svo að hann verði sem best búin undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Fjölbreytni í námsframboði og breidd nemendahópsins eru ein sterkustu sérkenni VMA. Gildi og einkunnarorð skólans endurspeglar þá áherslu en þar segir m.a. að nemendur séu hornsteinn skólans. Markmið með námi þeirra í VMA er að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, líði vel, tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni sem fylgir þeim út í lífið til frekara náms eða út í atvinnulífið. Við skólann fer fram kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum og listnámsbraut, þá er kennsla á brautabré, iðnnámsbrautum og til starfsréttinda ásamt starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir. Fjölbreytt fjarnám er við skólann ásamt meistaraskóla fyrir iðnsveina.

Skólinn er áfangaskóli og eru námsbrautir byggðar upp samkvæmt námsbrautarlýsingum úr eldri (nokkrum í fámönnum iðngreinum) og nýjum námskrám. Upplýsingar um námsbrautir skólans má nálgast á [heimasíðu](#) hans.

Markmið

Skólinn skal leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Skólinn leggur áherslu á öflugt dagskólanám, fjarnám og að vera iðn- og starfsnámsskóli landsbyggðarinnar.

Markmið skólans eru samkvæmt 2. kafla í skólasamningi og koma áherslur og markmið VMA fram í hinum almenna hluta skólanámskrár og gæðahandbók sem er að finna á heimasíðu skólans. Gerð verður grein fyrir helstu gæðamarkmiðum skólans í þessari skýrslu.

- **Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu bæði bóklegu og verklegu.** Markmiðið er að meðaleinkunn nemenda í öllum áföngum sé ekki lægri en 6,5 og að meðaltali sé fall í áföngum ekki meira en 10%.
 - Vorið 2019 var meðaleinkunn 6.94. Markmiðum um meðaleinkunn og fallprósentu er náð en fallprósentan er undir markmiðum skólans eða 8,3% sem er lægra en síðustu annir.
 - Á haustönn 2019 var fall í áföngum 9,16% og meðaleinkunn 6.9. Fyrir árið er meðaleinkunn 6.92 og fallprósetan 8,73% sem er jákvætt í ljósi þess að undanfarin ár hefur meðaltalið verið yfir 10% fall í áföngum.
- **Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi.** Mætingar nemenda verði almennt ekki undir 90% í kennslustundum og brotthvarf úr áföngum sé ekki meira en 9%.
 - Vorið 2019 voru mætingar 79,5% í kennslustundir og brotthvarf 8,8%. Á haustönn var mæting 87,1% í allar kennslustundir og brotthvarf 7,2% í dagskóla.
 - Fyrir árið eru mætingar 83,3% og brotthvarf 8,0%. Í gæðamarkmiðum skólans er stefnt að því að brotthvarf fari ekki yfir 9% í dagskóla og því markmiði er náð. Mæting er aðeins undir

markmiðum. Markmið vegna brotthvarfs og meðaleinkunnar hefur ekki verið skilgreint í fjarnámi.

- **Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt.** Markmiðið er að í kennslu- og áfangamati sem lagt er fyrir nemendur svari ekki færri en 85% nemenda þeirri spurningu játandi að þeir séu ánægðir með kennsluna sem þeir fá í skólanum/áföngum og 85% séu ánægðir með þá aðstöðu til náms sem skólinn býður þeim upp á. Í þjónustukönnun er spurt um líðan í skólanum og það hvort nemendur telji að námið í VMA undirbúi þá vel fyrir frekara nám eða störf
 - Á vorönn 2019 svöruðu 92% nemenda að þeir væru mjög eða frekar sammála því að þeir væru á **heildina litið ánægðir með kennsluna** í áfanganum. Á haustönn 2019 var hlutfallið 87%. Þessum gæðamarkmiðum var því náð á árinu.Á vorönn 2019 segjast 92% nemenda vera mjög eða frekar sammála því að **aðstaða til náms í áfanganum sé viðunandi**. Á haustönn 2019 var hlutfallið 95%. Viðmið skólans er að 85% svari frekar eða mjög sammála. Gæðamarkmið skólans náðust því á þessu sviði á árinu.
- Þjónustukönnun var ekki lögð fyrir nemendur árið 2019, hún er áætluð á vorönn 2020.

- **Viðhorf starfsmanna til aðbúnaðar**

Um viðhorf starfsmanna til aðbúnaðar og starfsánægju er spurt með eftirfarandi spurningum í starfsmannakönnun (Stofnun ársins).

Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum. *spurt er um loftræstingu, lýsingu, öryggi á vinnustað, matar- og kaffiaðstöðu, tölvu- og tækjabúnað, vinnu- eða skrifstofurými (hlutfall þeirra starfsmanna sem svara „mjög ánægð(ur)“ eða „frekar ánægð(ur)“).

Markmiðið er að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert. Í könnuninni vorið 2019 er hlutfallið 61,2%.

Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu. (Hlutfall þeirra starfsmanna sem svara „mjög sammála“ eða „frekar sammála“). Í könnuninni vorið 2019 er niðurstaðan 79,4% en markmiðið er að vera yfir meðaltali annarra stofnanna.

Frá vorönn 2016 var ákveðið að nota könnunina *Stofnun ársins* fyrir innra mat skólans sem starfsmannakönnun en áður hafði skólinn lagt fyrir eigin könnun í gegnum SurveyMonkey. Stofnun ársins er lögð fram á vorin og verða þær niðurstöður hér eftir nýttar sem hluti af innra mati skólans á hverju ári.

Á árinu 2019 er VMA í 72. sæti af 82 stofnunum með 50 starfsmönnum eða fleiri. Svarhlutfall var 67% og þyrfti að vera hærra. Stofnun ársins gefur einkunn á bilinu 1 til 5 þar sem fimm er hæsta einkunn. Gefin er einkunn fyrir tvo flokka, framhalds- og háskóla og allar ríkisstofnanir. Einnig eru gefin upp öryggismörk sem miða við fjölda svarenda og út frá þeim má sjá hvort marktækur munur sé á niðurstöðum á milli stofnanaflókka. Að þessu sinni er einkunnin umreiknuð í prósentur með því að margfalda gildið sem skólinn fékk með tuttugu. Svo virðist sem Verkmenntaskólinn sé undir meðaltali annarra sambærilegra stofnana. Gert er ráð fyrir því að aðlagða þurfi frekar gæðamarkmið skólans við spurningar og þætti úr Stofnun ársins hvað varðar ánægju og aðbúnað starfsmanna.

Hér má sjá helstu niðurstöður VMA og birtar eru í skýrslu á vef Sameyki.

	Heild	vikmörk *	stjórnun	starfsandi	launakjör	vinnuskilyrði	sveigjanleiki	sjálfstæði í starfi	ímynd	ánægja	jafnrétti
2019	3.72	0.06	3.51	4.09	2.93	3.03	3.87	4.09	3.82	4.01	4.09
#sæti af 82 stórum stofn.	72	50	78	54	45	81	67	50	40	51	63
*gefur visbendingu um þátttöku m.v. aðrar stofnanir											

- **Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli í því skyni að skólinn haldi henni.**

- Skólinn starfar eftir ISO 9001 gæðakerfinu og miðuðust úttektir á árinu við að allt nám í dagskóla yrði vottað og fer fram ytri úttekt í því skyni tvisvar á ári. Ekki fór fram úttekt á haustönn 2019. Vinna við að laga kennslu í fjarnámi að gæðakerfi skólans hófst á haustönn 2011 og er enn ekki lokið.

Einkunnarorð skólans eru Fagmennska – Fjölbreytni – Virðing.

Nánar má sjá upplýsingar um [markmið og stefnu skólans](#) á heimasíðu hans, [gæðamarkmið](#) (STS-002) og [gæðastefna](#) skólans eru einnig aðgengileg á heimasíðu hans.

Nemendafjöldi

Á vorönn 2019 hófu **1015** nemendur nám í dagskóla en **237** í fjarnámi. Alls **163** nemendur með **180** brottfararskírteini voru brautskráðir, sem er stærsti árgangur í langan tíma. Brotthvarf á vorönn 2019 í dagskóla var **8,8%** en **24** í fjarnámi.

Á haustönn 2019 hófu **1065** nemendur nám í dagskóla, þar af **228** nýnemar. **221** hófu nám í fjarnámi. Alls voru **68** nemendur brautskráðir með **82**

brottfararskírteini. Brotthvarf á haustönn 2019 var **7,2%** en **23,5%** í fjarnámi.

Innritun á haustönn 2019 fór fram í samræmi við leiðbeiningar um innritun í framhaldsskóla frá Menntamálastofnun. Innritunin var miðlæg, unnin af Advania í gegnum Innu eftir að skólastjórnendur höfðu númerað umsækjendur inn í skólann. Strangar kröfur voru gerðar við inntöku nemenda eldri en 18 ára. Horft var til fyrri mætinga og úrsagna úr áföngum til að forgangsraða umsækjendum í skólann.

Skipting á brautir

Á haustönn 2019 var boðið upp á nám á: Brautabré (BB), Bifvélavirkjun (BVV), Félags- og hugvísindabraut (FÉB), Fjölgreinabraut (FJB), Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GNB), Grunnám hársnyrtiiðnar (GNH), Grunnám málm- og véltæknigreina (GNM), Grunnám rafiðna (GNR), Grunnám matvæla- og ferðagreina (GNV), Hársnyrtiið (HÁ), Húsasmíði (HÚ8), Íþrótt- og lýðheilsabraut (ÍLB), Listnáms- og hönnunarbraut - myndlistarlína (LMB), Listnáms- og hönnunarbraut - textíllína (LTB), Matreiðsla (MA9), Múrmíði (MR9), Matartæknabraut (MT), Náttúruvísindabraut (NÁB), Rafeindavirkjun (RE8), Rafvirkjun (RK8), Sjúkraliðabraut (SJB), Stálsmíði (SM8), Starfsbraut (STB, ST3), Vélstjórn A (VA), Vélstjórn B (VB), Vélstjórn C (VC), Vélstjórn D (VD), Viðskipta- og hagfræðabraut (VHB), Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum (VNS), Vélvirkjun (VS8)

Ýmsar tölulegar upplýsingar um nemendur VMA m.a. Aldur, kynjaskiptingu á brautum og fjölda á braut er að finna á [heimasíðu](#).

Þróunarverkefni og samstarf

Gæðakerfið er í stöðugri þróun innan skólans og innleiða þarf samhliða breytingar á skólanámskránni. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að skert verði þau gæði sem skólinn stendur fyrir.

VMA tekur þátt í verkefninu **Heilsueflandi framhaldsskóli** undir leiðsögn frá Embætti Landlæknis. Skólinn hefur fengið silfurviðurkenningu í flokknum næringu og gulli í hreyfingu. Verkefnið hafði verið í svölíttilli lægð en á haustönn 2019 hófst vinna við að fylla út viðmið um heilsueflandi starf á vefsíðunni

www.heilsueflandi.is. Áherslupættir sem viðmiðin innihalda eru byggð á sex viðfangsefnum, þ.e. hreyfingu, næringu, geðrækt, tóbak-, rafrettur, áfengi og vímuefni, jafnrétti og kynheilbrigði og að lokum öryggi. Auk þess eru tvö viðfangsefni um starfsmenn annarsvegar og verklag hinsvegar. Verkefnastjóri verkefnsins hjá Embætti Landlæknis fundaði í VMA þann 10. október með fulltrúum frá VMA, MA, MTR, Laugum, ME og FAS, þar var farið yfir verkefnið og vefurinn heilsueflandi.is kynntur.

Í september fóru tveir kennarar og 24 nemendur suður til Hafnarfjarðar og tóku þátt í Flensborgarhlaupinu sem er árlegt hlaup undir merkjum heilsueflandi framhaldsskóla. Hópurinn fór suður snemma dags og síðdegis þann dag var hlaupið. Hópurinn gisti síðan í Flensborgarskóla og hélt síðan norður aftur daginn eftir. Í alla staði var ferðin hin ánægjulegasta og móttökur Flensborgarskóla sem fyrr einstaklega ánægjulegar. Árangurinn var einnig mjög góður þar sem VMA-ingarnir Helgi Már Kjartansson sigraði 10 km í flokki 17 ára og yngri og Adele Galegue varð í öðru sæti í 10 km í flokki 17 ára og yngri. Anna Berglind Pálmadóttir, enskukennari í VMA, vann til gullverðlauna í kvennaflokki í 10 km.

Samstarf við skóla á NA-landi. Með bréfi dagsettu 10. júní 2015 kynnti mennta- og menningarmálaráðherra þá ákvörðun sína að setja á laggirnar starfshóp um stöðu og framtíð framhaldsskóla á norðaustursvæði. Þetta eru Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga. Starfshópnum, sem skipaður var skólameisturum, fulltrúum sveitarfélaga og ráðuneytis, var ætlað að kortleggja grunnþætti í starfsemi skólanna svo sem mannauð og námsframboð og leggja fram sameiginlega tillögu að framtíð framhaldsskólastarfs á svæðinu með það að

markmiði að nemendur á svæðinu hafi jafnan og greiðan aðgang að lögbundnu og fjölbreyttu námsframboði, stoðþjónusta skólanna sé fullburða og reksturinn sjálfbær. Hópurinn skilaði af sér skýrslu í desember 2015 þar sem megin niðurstaðan var sú að skólarnir gætu náð framangreindum markmiðum með samstarfi sín í milli. Í skýrslunni eru listuð upp verkefni sem ætlað er að mæta markmiðum ráðherra um framhaldsskólastarf á svæðinu. Henni fylgir einnig samstarfssamningur skólameistara um það hvernig samvinnu skólanna verði háttað til að koma þessum verkefnum til framkvæmda.

Menntamálaráðherra féllst á niðurstöður skýrslunnar og fól skólunum að vinna að áðurgreindum markmiðum á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna. Annars vegar er um að ræða tillögur sem snerta alla skólana á svæðinu og samstarf þeirra á ýmsum sviðum, og hinsvegar sérstakt þróunarverkefni um samstarf framhaldsskólanna í þingeyjarsýslum og þekkingarnets þingeyinga.

Samstarfsnefnd skólameistara fundar reglulega þar sem skólameistarar bera saman bækur sínar og leggja drög að fyrirbyggjandi verkefnum í samræmi við samstarfssamning sinn. Þar má t.d. nefna þróun í námsframboði skólanna, stoðþjónustu þeirra, fjármál, skjalavörslu, gæðamál, skólaskil grunn- og framhaldsskóla og samstarf við grunnskóla á svæðinu um það efni. Meginverkefni ársins 2019 voru samskipti við fræðslustjóra á svæðinu um skilin á milli grunn- og framhaldsskóla og hvernig mætti bæta upplýsingaflæði og sameiginlegan skilning á menntamálum.

Það er mat samstarfsnefndar skólameistara að styrkur svæðisins í menntamálum felist í því að gott samstarf sé á milli skólastiga og þeirra öfluggu skóla sem eru á svæðinu.

Verkefninu verður haldið áfram á árinu 2017. Skýrsla um samstarfið er til í Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Samstarf við grunnskólana á Akureyri hefur verið að aukast á síðustu árum. Frá og með haustönn 2013 hefur VMA verið í samstarfi grunnskólana á Akureyri, fyrst við Brekkuskóla en síðan við valgreinanefnd grunnskóla Akureyrar. VMA býður upp á samvalsgreinar í vali fyrir 9. & 10. bekk. Á vorönn 2019 voru tveir hópar í iðngreinakynningu í rafiðngreinum og þrír í hársnyrtigreinum alls 60 nemendur. Á haustönn 2019 voru þrír hópar í framreiðslu og einn hópur í kynningu sjúkraliða- og umönnunargreinum alls 55 nemendur. Mikil ánægja er með þetta samstarf en markmið þess er að efla áhuga ungs fólks á iðn- og tækninámi. Aðsókn nýnema í iðn- og starfsnám hefur verið jöfn og góð undanfarin ár.

Samstarf við háskóla gæti verið meira. Skólastjórnendur hafa ítrekað óskað eftir því að nemendur í grunn- og framhaldsnámi við Háskólann á Akureyri komi í skólann til að vinna að rannsóknum og lokaverkefnum. Nokkrir kennaranemar komu á árinu til að taka starfsþjálfun og vettvangsnám, bæði frá kennaradeild HA og menntavísindasviði HÍ. Allt of fáir iðnmeistarar í kennsluréttindanámi hafa komið í skólann á síðustu árum til að taka vettvangsnám við skólann en á haustönn 2019 varð breyting þar á þegar menntavísindasvið HÍ bauð uppá nám til kennsluréttinda fyrir iðnmeistara, en VMA útvegar húsnæði og hefur samstarfið gengið vel.

Samstarf við símenntunarstofnanir þá sérstaklega SÍMEY á Akureyri er mjög gott. Helstu verkefni tengjast raunfærnimati. Þá er skólinn í góðu samstarfi við Iðuna hvað varðar ýmsa þætti í verklegu námi og samningstíma nemenda í iðnnámi.

FabLab - stafræn smiðja í Eyjafirði. FabEy var stofnað um rekstur FabLab smiðju sem staðsett yrði í VMA. Stofnaðilar af FabEy eru VMA, SÍMEY, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarbær. Fab Lab smiðjan er ætluð frumkvöðlum, nemendum, almenningi, fyrirtækjum og stofnunum. Lengi hefur verið beðið eftir því að slíkri smiðju yrði komið á fót hér á svæðinu og varð það loks að veruleika á árinu. Verkefnastjóri var ráðinn og hóf hann störf haustið 2016. Í lok ársins 2016 voru flest tæki og tól fjármögnuð og komin í hús og kennarar og nemendur VMA byrjaðir að fikra sig áfram í notkun á smiðjunni. Þetta fjórða ár í starfsemi smiðjunnar lofar góðu til framtíðar. Smiðjunni hefur verið sýndur mikill áhugi á meðal skólafólks, kennara og nemenda en einnig á meðal aðila í atvinnulífinu og á meðal almennings. Næg verkefni eru framundan fyrir stjórnina sem felast m.a. í því að styðja við verkefnastjóra og þau verkefni sem unnin eru í smiðjunni. Jafnframt þarf stjórnin að leita leiða til fjármögnunar á tækjabúnaði og stuðla að aukinni þróun og endurnýjun á tækjum. Þá er það hlutverk stjórnar og aðila sem koma að rekstrinum að halda merkjum Fab Lab í Eyjafirði á lofti.

Gjafir til skólans

Öflugt **samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir** í nærumhverfi skólans. Nemendur í almennu starfsnámi hafa fengið starfsþjálfunarpláss innan

margvíslegra fyrirtækja og stofnana og þá eru á hverjum tíma nemendur á samningi hjá ýmsum iðnfyrirtækjum og meisturum.

Skólanum bærust ýmsar gjafir á árinu og er það afar mikilvægt að finna fyrir þeim velvilja sem skólinn hefur úti í atvinnulífinu og í nærsamfélaginu. Hér verður gerð grein fyrir þessum gjöfum en þetta er ekki tæmandi listi yfir þær gjafir sem skólinn hefur fengið. JE vélaverkstæði gaf málmdeildinni öfluga plasma-skurðarvél, BB Byggingar gáfu byggingadeild þriggja línu laser, Rafmenn og SART- Samtök rafverktaka gáfu 30 nemendum í rafiðngreinum spjaldtölvur sem mun koma að góðum notum fyrir nemendur og auðvelda þeim námið, Tengi færði rafiðnaðardeildinni ýmsan búnað sem tengist gólfhitakerfum í húsum, Ferrozink hefur sýnt mikinn velvilja og í samstarfi við VMA veitt nemendum og kennurum á byggingardeild ásamt grunndeild málm- og véltæknigreina verulegan afslátt til kaupa á hlífðarfatnaði, Garri hefur verið öflugur bakhjarl matvælabrautar og veitt þeim ýmsar gjafir eins og öll krydd, allt súkkulaði og svuntur handa nemendum og veitt þeim ríkulega afslætti af hinum ýmsu rekstrarvörum fyrir kennsluna, Kjarnafæði gaf matvælabrautinni stóran alhliðaofn sem nýtist vel til kennslu, Húsasmiðjan gaf byggingadeild lagnaefni og verkfæri sem notað er við vinnslu á álpexi til pípulagna, Byggið færði byggingadeildinni spjaldtölvu af gerðinni iPadPro í lok ársins sem mun nýtast þeim við kennslu í byggingadeildinni, *Ljós gjafinn* á Akureyri hefur gefið rafiðnaðardeildinni á ári hverju handverkfæri og þá hafa heildsölufyrirtækin í rafiðnaðargeiranum á Akureyri – *Rönning* og *Ískraft* - jafnan sýnt rafiðnaðardeild VMA mikinn velvilja með ýmsum gjöfum og stuðningi. Oddfellowreglan á Akureyri færði nemendum skólans hálfa milljón að gjöf í nemendasjóð sem ætlaður er til að styðja við efnaminni nemendur.

Erlent samstarf

Skólinn tekur þátt í nokkrum verkefnum í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins. Hér er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem voru í gangi á árinu 2019.

Landa- og tungumálaútrás víkinganna

Verkefnið er tveggja ára tungumála- og lestrarverkefni (Nordplus Nordic Language) á milli fjögurra samstarfsskóla á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning nemenda á tungumálum Norðurlandanna, sögu, menningu og samfélag. Þá er einnig markmið verkefnisins að þróa kennsluefni sem hægt er að nota við kennslu á norrænum tungumálum og

norrænni tungumálasögu. Hlutverk þátttakenda í verkefninu er að byggja upp net, þróa kennslufni og kennsluáætlanir. Tveir kennarar frá hverjum skóla munu kenna eina viku í senn í einum samstarfsskólanna hvort árið um sig.

VET@Work

Þetta verkefni er styrkt af Erasmus og er að sumu leyti beint framhald af Workmentor og AppMentor sem VMA var einnig þátttakandi að. Helsta markmið verkefnisins er að þróa rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé best að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þátttakendur í verkefni koma bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu. Samstarfsaðilir VMA í verkefninu eru Het Idee og Stichting Welzijn Lelystad frá Hollandi, Axxell Utbildning AB og Raseborgs stad frá Finnlandi, Nantes Terre Atlantique frá Frakklandi, Broadshoulders Ltd frá Bretlandi og Hársnyrtistofan Medulla.

Dreifbýli og verklegt nám

Um evrópskt samstarfsverkefni er að ræða sem er styrkt af Erasmus. Verkefnið gengur undir heitinu „Dreifbýli og verklegt nám“ eða Innovative VET devices in rural areas. Markmið verkefnisins er að skoða hvaða hlutverki starfsnám og starfsnámskerfi gegna þegar kemur að umræðu og stefnumörkun um byggð í dreifbýli. Lögð verður áhersla á að þróa aðgerðir sem hægt er að beita til að til að styrkja dreifbýl svæði og skoða sérstaklega í því samhengi þátt starfsmennta- og starfsþjálfunarkerfa í þróun dreifbýlla svæða. Samstarfsaðilar að verkefninu eru MFR - Les Maisons Familiales Rurales sem rekur starfsþjálfunarkerfi í dreifðum byggðum í Frakklandi, IFOCAP sem eru samtök sem sjá um að veita bændum og öðrum úr dreifðum byggðum Frakklands leiðtogaþjálfun, Sol et Civilisation sem veitir ráðgjöf um byggðamál, MFR á Reunion eyju sem er frönsk nýlenda í Indlandshafi, OFFA í Belgíu sem er nýleg stofnun sem vinnur að því að samræma starfsnámskerfi í Valloníu, Vivasol frá Litháen sem eru lítil samtök smáframleiðenda sem selja eigin afurðir, GAL Napoca sem eru samtök í Transylvaníu í Rúmeníu sem hafa það hlutverk að veita verkefnastyrki og svo að lokum VMA.

Íþróttir í samfélaginu

Verkefnið er norrænt Erasmus verkefni en það er framhaldsskólinn í Oppdal í Noregi sem sækir um verkefnið. Samstarfsaðilarnir eru þrír; VMA, Oppdal og Fjerritslev sem er skóli í bæ rétt hjá Álaborg í Danmörku. Markmið verkefnisins er

að bæta lýðheilsu í nærumhverfinu með auknu samstarfi milli lýðheilsu- og eða íþróttabrautir skólanna og annara aðila í nærsamfélaginu. Verkefnið gengur út á að fara með nemendahópa í heimsóknir til að upplifa mismunandi aðstæður til hreyfingar og íþróttaiðkunnar. Áætlað er að fara með 6 - 10 nemendur frá hverjum skóla tvisvar sinnum í heimsókn í hina tvo skólana. VMA fer með nemendur til Noregs og Danmerkur og VMA tekur aðsama skapi á móti nemendum þaðan. Íþróttafélagið KA mun einnig koma að verkefninu þar sem þeir nemendur sem koma í heimsókn hingað fá að fylgjast með og spreyta sig á þjálfun í yngri flokka starfi félagsins. Í verkefninu er notast við eTwinning sem er verkfæri til fyrir samvinnu og samskipti milli skóla, félaga og einstaklinga. VMA er því orðinn einn af eTwinning skólum á Íslandi.

Nám og þjálfun í útlöndum

VMA sendir einnig nemendur og starfsmenn til dvalar í útlöndum. Starfsmenn fara oft í þeim erindum að skoða möguleika á að senda nemendur eða til að fylgja nemendum í starfsnám. Nemendur geta fengið styrki til að fara erlendis í vinnustaðanám eða hugsanlega í skólanám í tvær vikur eða lengur.

Mikið er um fyrirspurnir til VMA um þátttöku í erlendu samstarfi og þarf skólinn að vísa frá fjölmögum beiðnum um samstarfsverkefni. Nánar má sjá um erlent samstarf og samstarfsverkefni á [heimasíðu skólans](#).

Tveir skiptinemar á vegum AFS voru í VMA á vorönn 2019, stúlka frá Belgíu og strákur frá Frakklandi. Fjórir AFS skiptinemar hófu nám í VMA á haustönn 2019, stúlkur frá Þýskalandi, Frakklandi og Tékklandi og strákur frá Japan.

Sjálfsmat og eftirfylgni

Lögð er áhersla á að mælanleg markmið séu sett á ýmsum sviðum skólastarfsins. Þessi markmið eru mælanleg og gerðar eru reglulega kannanir meðal nemenda og starfsmanna í því skyni að geta séð hvort settum markmiðum hefur verið náð. Helstu þættir sjálfsmats og eftirfýlgninnar eru:

- **Kennslu- og áfangamat:** Nemendur meta kennsluna, aðstöðuna og námsefnið. Matið er lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum, samantekt á niðurstöðum birtar á heimasíðu og í skýrslu gæðastjóra eftir hverja önn. Niðurstöður [kennslu- og áfangamats ársins](#) voru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa allir fengið niðurstöður úr könnunum ársins.

- **Framvindumat:** Kennarar meta hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir fylgi þeirri kennsluáætlun sem lagt var upp með. Matið er framkvæmt í lok hverrar annar og niðurstöður birtar í [rýni stjórnenda](#) sem finna má á heimasíðu skólans.
- **Þjónustukönnun:** Þjónustukönnun VMA er gerð á 2ja ára fresti þar sem nemendur eru spurðir álits um ýmsa þætti í skólastarfinu aðra en kennslu. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það er sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólastarfi. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans. Ekki var lögð fyrir þjónustukönnun árið 2019, næsta könnun verður lögð fyrir vorönn 2020. [Niðurstöður](#) þjónustukönnunar eru birtar á heimasíðu og rýni stjórnenda.
- **Stjórnendamat:** Starfsmenn skólans meta stjórnendur með tilliti til hæfileika, stjórnunar og ýmissa annarra þátta. Um leið og stjórnendamat er gert er spurt um almenna líðan í vinnu og þætti er lúta að starfi starfsmanna innan skólans (starfsmannakönnun). Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru birtar í rýni stjórnenda. Frá árinu 2016 var ákveðið að nota *Stofnun ársins* sem hluta af innra mati skólans og sem starfsmanna- og stjórnendakönnun.
- **Innra mat:** Allar verklagsreglur gæðakerfisins eru teknar út og skoðaðar skv. fyrirbyggjandi áætlun. Í innra matshópi skólans eru áfangastjórar og úttektarmenn sem falið er að framkvæma innri úttektir. Áfangastjórar stýra vinnunni og gæðaráð fylgir henni eftir. Innri matshópur kemur ábendingum til stjórnenda og gerir einnig úttekt á störfum þeirra í formi endurrýni. Niðurstöður innri úttekta eru teknar fyrir á gæðaráðsfundi, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
- **Ytra mat:** Úttektarmaður frá Vottun ehf skoðar á hverri önn hvort skólinn sé að vinna eftir gæðakerfinu og uppfylli þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni. Skólinn er með allt dagskólanám vottað.
- **Frábrigði, ábendingar og kvartanir:** Allir þættir náms og kennslu eru stöðugt undir eftirliti gæðakerfis. Allir sem koma að kennslu og námi í

skólanum hafa leiðir til að koma á framfæri tilkynningum á frábrigðum, ábendingum eða kvörtunum sem fram kunna að koma í starfsemi skólans. Þannig er hægt að skoða þessi tilvik með tilliti til þess hvort unnt er að gera úrbætur og tryggt að stöðugar umbætur séu framkvæmdar á allri starfsemi skólans. Allar tilkynningar eru skráðar og teknar fyrir á gæðaráðsfundum og gerð grein fyrir þeim í rýni stjórnenda fyrir hverja önn.

- [Skýrslur um innra mat](#) í VMA má nálgast á vef skólans.

Rekstur

Í fjarlögum 2019 var fjárheimild kr. 2.1000,1 millj. króna. Þar af var fjárfestingarframlag til skólans 37.600.000 millj. króna. Halli í upphafi árs var kr. - 21.721.979. Höfuðstóll ársins 2019 var neikvæður um 25,5 millj. króna þar af var skuld við Ríkissjóð rúmlega 21.8 milljónir. Inn í þeirri fjárhæð er afskrift vegna fjárdráttis fyrverandi starfsmanns sem var upp á nærri 5,4 milljónir bókaðar. Rekstur skólans var góður og leit út fyrir að skólinn myndi skila hagnaði um áramótin en vegna mistaka að hálfu Fasteigna ríkisjóðs við gerð húsaleigusamnings við VMA var VMA í skuld við Fasteignir ríkisjóðs um áramót upp á 35.5 millj. króna. Það gerði það að verkum að skólinn skilaði halla á árinu.

Framlengja þurfti í ýmsum aðgerðum frá síðustu árum m.a. fækkun hópa og minnka námsframboð á vorönn. Á haustönn sóttu um 15% fleiri nýnemar um VMA og var aukin aðsókn í starfsnám. Í takt við áherslur yfirvalda voru fleiri nýnemar og yngri nemendur teknir inn í starfsnám á haustönn með auknum kostnaði. Yfirleitt hefur orðið fækkun eldri nemenda í skólanum. Fækkunin hefur haft áhrif á reksturinn og meðal annars hefur verið leystur á þann hátt að ekki hafa verið ráðnir kennarar í stað þeirra sem hafa farið á eftirlaun eða farið í leyfi, nema í undantekningatilvikum. Er horft fram til þess að sú leið verði farin áfram svo fremi sem stætt verður á því.

Endurnýjunarþörf í skólanum er enn mjög mikil eftir áralangan sparnað og hefur verið kappkostað að endurnýja bæði tölvur, punkta og tæki sem þörf er á á árinu 2019, sú vinna mun þurfa að halda áfram eins og kostur er. Fjárfestingarframlag sem skólanum var veitt upp á 37.6 millj. króna fyrir árið 2019 hafði mikil áhrif til hins betra og gerði það að verkum að sú endurnýjun sem átt hefur sér stað gat farið fram.

Niðurstöður Stofnunar ársins sýnir að starfsmenn voru afar óánægðir með tölvubúnað skólans en það var lægsta einkunn í einni spurningu í könnuninni eða 1,79 en meðaltal sambærilegra stofnanna var 3,78. Ekki hafa fengist fjármunir til að endurnýja tölvur þó eftir því hafi verið óskað.

Á árinu var haldið áfram að bæta þráðlaust net innan skólans og allt kapp lagt á þann hluta þar sem nemendur og kennarar nota í auknu mæli tæknina í námi og kennslu.

Öll prentun og ljósritun er í þjónustusamningi í gegnum rent-a-prent hjá Nýherja sem jafnframt leigir og þjónustar skólann með allan tækjabúnað tengt prentun og ljósritun.

Eins og áður hefur verið bent á hefur niðurskurður í fjárveitingum til framhaldsskólanna komið hart niður á ýmsum þáttum í rekstri þeirra sakir þess hversu hátt hlutfall rekstrarfjár fer í að greiða laun og reka húsnæði eins og að greiða húsaleigu sem hækkaði á árinu 2019 þar sem miðað var við markaðsleigu og fór leigan úr 13. millj. króna á mánuði í um 31 millj. króna á mánuði.

Húsnæði

VMA er starfræktur í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn auk þess er rafið með kennslustofur í C álmu og Fablab er með aðstöðu í F- álmu skólans. Vinnurými og kaffistofa er fyrir kennara í A-álmu og inn á einstaka brautum og álmum. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að en jafnframt er boðið upp á hádegishlaðborð í mötuneyti starfsfólks. Rekstur mötuneytis er á vegum Matsmiðjunnar sem hefur rekið mötuneytið síðustu ár.

Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri og íþróttahús Naustaskóla frá haustönn til íþróttakennslu.

Mannauður og starfsmannamál

Í byrjun ársins 2019 voru 141 starfsmenn fastráðnir við skólann í um 127 stöðugildum, þar af 111 kennarar. Fjarnámskennarar (4) eru taldir með í þessum tölum. Allir kennarar við skólann eru með kennsluréttindi fyrir utan fjóra leiðbeinendur í iðngreinum og efnafræði. Kynjahlutfall allra starfsmanna er nær jafnt eða 54% konur og 46% karlar.

Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og tveir áfangastjórar.

Auk þeirra starfa við stjórnun, þrír sviðsstjórar í 100% starfi hver, 11 brautarstjórar og níu fagstjóra í hlutastörfum, rekstar- og fjármálastjóri, forstöðumaður bókasafns. Við nemendapjónustu starfa tveir námsráðgjafar, viðburðastjóri, forvarnarfulltrúi, skólahjúkrunarfræðingur og sálfræðingur. Aðrir starfsmenn eru; bókhalds- og innheimtufulltrúi, tveir starfsmenn á skrifstofu skólans (einn fór í veikindaleyfi í lok árs), starfsmaður á bókasafni, umsjónarmaður fasteigna, 11 þjónustuliðar og níu stuðningsfulltrúar. Formlegar starfslýsingar eru í gæðahandbók fyrir öll störf í skólanum.

Á vorönn 2019 voru tveir kennarar í námsorlofi og einn í launalausú leyfi. Á haustönn var skólameistari og einn kennari í námsleyfi og starfsmaður bókasafns í launalausú leyfi. Allir kennarar í fullu starfi fyrir utan fjóra eru með kennsluréttindi, á tæknisviði og efnafræði.

Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal á tveggja ára fresti en vegna mikilla anna hjá stjórnendum skólans voru færri starfsmannaviðtöl tekin á árinu en áætlað var.

Félagslíf nemenda

Starfsemi nemendafélagsins sneri fyrst og fremst að félagslífi nemenda. Á vorönn var haldin árshátíð, söngkeppni og opnir dagar ásamt smærri viðburðum.

Í apríl var haldið vorhlaup VMA og MA og var góð þáttaka nemenda og starfsmanna frá báðum skólum. Skipulag var í höndum nemenda og kennara og var mikill metnaður lagður í að hafa hlaupið löglegt með því að skrá tíma með viðurkenndri tímatöku.

Á fyrstu dögum skólans að hausti var haldin nýnemahátíð sem gekk afar vel í blíðskaparveðri.

Hópur nemenda og kennara tók þátt í hinu svokallaða Flensborgarhlaupi á haustdögum sem samnefndur skóli hefur staðið að af miklum myndarskap í nokkur ár og hefð komin á að senda lið frá VMA.

Leikfélag nemenda setti upp söngleikinn *Bugsy Malone* á vorönn. Sýnt var í Hofi og fengu nemendur mjög góðar undirtektir með verkið og góða dóma.

Mæting á viðburði var almennt mjög góð og fer allt félagslíf nemenda fram án vímuefna. Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði þar sem þeir halda utan um hagsmuni nemenda. Þá komu nemendur að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn. Viðburðarstjóri starfar með nemendaráði að

félagslífinu í samvinnu við stjórnendur. Á árinu var gott samstarf á milli nemendafélags og stjórnenda skólans.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag VMA var stofnað haustið 2005. Tilgangur og markmið félagsins eru að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda, að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda, að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélags og starfsfólks skólans, að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega gagnvart bæði námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans og að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Stjórn foreldrafélagsins hittist í þremur fundum á árinu og situr formaður í skólanefnd. Á árinu voru haldnir tveir fundir með foreldrafélaginu þar sem ýmiskonar kynning á starfsemi og þjónustu til nemenda fór fram. Námsráðgjafar, umsjónarkennarar, stjórn nemendafélagsins og stjórnendur kynntu m.a. skólastarfið fyrir foreldrum. Skólameistari sendi reglulega út tölvupósta til foreldra og forráðamanna um skólastarfið.

Eyrarlandsholti 27. Apríl 2020

Benedikt Barðason
Skólameistari VMA 2019-2020